

Ritdómur

Mina bibliska vänner och jag:

På besök i Gamla testamentets berättarvärld,

eftir Lenu-Sofiu Tiemeyer, Malmö: Spricka förlag, 2024, 327 bls.

Ég er þakklátur fyrir þá bók sem hér er til umsagnar. Bókin einkennist af nokkuð nýstárlegri nálgun í biblíufræðum, en hana myndi ég þó hiklaust flokka undir það fræðasvið sem lengi hefur verið sérstakt áhugamál mitt, þ.e. áhrifa-saga Gamla testamentisins. Nálgunin er engu að síður óvenjuleg að því leyti að höfundurinn, prófessor Lena-Sofia Tiemeyer, gerist persónulegri en venja er í fræðiritum. Þegar hún talar um vissar persónur Biblíunnar sem vini sína þá er það bókstaflega meint. Dæmi nefnir hún sjálf um það: Einhverju sinni sat hún í langdregnu kaffispylli sem henni var tekið að leiðast. Greip hún til þess ráðs að segja að hún þyrfti á fund. Hún lét þess ógetið að fundurinn sá var með Jesaja spámanni (bls. 312). Þar skemmti hún sér mun betur en í fyrirnefndu kaffispylli og í bókinni segir hún opinskátt frá íhugunum sínum tengdum þeim níu persónum úr Biblíunni sem hún hefur valið.

Lena-Sofia Tiemeyer er prófessor í ritskýringu Gamla testamentisins við háskólann í Örebro í Svíþjóð. Hún er einnig rannsóknaprófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild háskólans í Pretoríu í Suður-Afríku og hefur að baki nám við Hebreska háskólann í Jerúsalem og Oxford-háskóla.

Lena-Sofia Tiemeyer segist alltaf hafa elskað frásagnir Biblíunnar. Sem barn hafi hún oft beðið pabba sinn að lesa um Jósef. Hún hafi lifað sig inn í söguna og brostið í grát þegar hún heyrði að Jósef hafi verið kastað í brunn og hann seldur sem þræll til Egyptalands. Síðar, þegar hún var komin á aldur bóka-ormsins, hafi hún lesið skáldsögur sem nýttu sér efnivið frásagna Biblíunnar. Hún hafi lifað í frásagnaheimi Biblíunnar og velt fyrir sér hvernig hún hefði brugðist við ef hún hefði verið í stöðu persónanna í Biblíunni.

Hún hafi notið þess að þæla í frásögnunum af Söru og Abraham, örlögum þeirra og ævintýrum. Hún hafi með óttablöndnum áhuga lesið um allt undirferlið við hirð Davíðs konungs. Frásagnirnar hafi haldið áfram að heilla hana fram á fullorðinsár og hún finni stöðugt nýjar leiðir til að íhuga sögurnar af lífi biblíupersónanna.

Þessi bók er ávöxturinn af vangaveltum hennar og íhugunum um ýmsar frásagnir Biblíunnar. Hún hefur valið níu manneskjur og hún les frásagnir Biblíunnar af þeim í samtali við skáldsögur og ljóð til að öðlast aukinn skilning á þeim.

Tiemeyer segist einfaldlega hafa valið manneskjur sem höfðað hafi til hennar og hafi reynt svipaða hluti og við sjálf gætum hafa upplifað og hafi sýnt tilfinningar sem við getum skilið og tekið til okkar. Þær persónur sem urðu fyrir valinu eru eftirtaldar: Nói, Sara, Jósef, Rut og Naómí (saman í kafla), Sál, Jónatan, Míkal og Jónas.

Biblíuleg rannsókn bundin persónum, eins og í þessu læsilega riti, ætti að höfða til íslenskra lesenda, svo rótgróinn sem áhuginn hér á landi er á ævisögum og minningargreinum. Það segir sig nánast sjálft að með áherslu á persónur Biblíunnar leitar Tiemeyer frekar fanga í frásagnartextum Gamla testamentisins en sálum, spámannatextum eða lögum, sem gegna ekki síður stóru hlutverki í því mikla hebreska ritverki.

Tiemeyer reynist hafa mikið dálæti á frásögninni af Jósef (1Mós 37–50). Hún hrífst af snilld hans, en viðkvæmni þessa móðurlausa drengs dylst heldur ekki. Hann hafi orðið fyrir kerfisbundnu einelti. Hann er hvergi öruggur vegna þess að þeir sem leggja fæð á hann eru í hans nánasta umhverfi. Heimilið er honum engan veginn skjól, þar búa jú líka þeir sem ofsækja hann og engir fullorðnir koma honum til varnar. En hann lætur ekki bugast og gerir sér þess í stað grein fyrir hverjir styrkleikar hans sem einstaklings eru. Samúð eigi ekki við þegar málið snúist um það að lifa af (bls. 112). Og til að skilja Jósef betur, eins og aðrar persónur sem Tiemeyer fjallar um, þá leitar hún fanga í ýmsum verkum sem eru samin undir áhrifum frá sögunni af honum, þar á meðal gyðingleg verk. Hér skal þó látið nægja að nefna eitt það allra þekktasta. Söngleikinn kunna *Joseph and the Amazing Technicolor Dreamcoat* eftir snillingana Andrew Lloyd Webber og Tim Rice.

Með sama hætti nálgast hún aðrar þær persónur sem teknar eru til umfjöllunar. Frásagnirnar les hún á frummálinu, hebresku, mátar þær gjarnan við persónulega reynslu sína og notfærir sér svo margvíslega áhrifasögu þeirra í bókmenntum, menningu og listum.

Það kemur ekki á óvart að fjallað skuli um Rut og Naómí í einum og sama kaflanum (k. 4, bls. 153–192) þar sem gjarnan er sagt að trúfesti hinnar móabísku Rutar við Naómí, tengdamóður sína, sé meginefni bókarinnar. Og hversu oft er ekki vitnað í textann fallega í Rut 1.16–17 sem tjáir svo vel þá trúfesti:

16 En Rut svaraði: „Reyndu ekki að telja mig á að yfirgefa þig og hverfa frá þér því að hvert sem þú ferð þangað fer ég, og hvar sem þú náttar þar náttu ég. Þitt fólk er mitt fólk og þinn guð er minn guð. 17 Þar sem þú deyrð þar dey ég og þar vil ég verða grafin. Drottinn gjaldi mér nú og framvegis ef annað en dauðinn aðskilur okkur.“

Í niðurlagi kaflans segir Tiemeyer um Naómí að hún sé að mörgu leyti tákn flóttamannsins sem flýr sitt land til að bjarga lífi sínu og fjölskyldunnar og eignast betra líf annars staðar. Og þegar þau eru komin á áfangastað reyna þau að gera það besta úr aðstæðunum.

Og einmitt eins og í dag reynist yngri kynslóðin (Mahlón og Kiljón) eiga auðveldara [en sú eldri] með að aðlagast hinu nýja samfélagi en Naómí, sem heyrir til eldri kynslóðinni, reynist það aftur á móti mun erfiðara. (bls. 189)

Mitt á milli alls þessa fólks og örlaga þess finnst svo einnig Guð. Oft lætur hann til sín taka í baksíði frásagnanna. Stundum reynast vegir hans óskiljanlegir. En í öðrum frásögnum er hönd Guðs mun sýnilegri (bls. 322).

Í aðferðafræðilegum inngangsköflum ræðir Tiemeyer meðal annars um þá nálgun sína að lesa Biblíuna með hjálp nútímabókmennta. Það gerir hún ekki síst í þeim tilgangi að bregðast við þeirri staðreynd að öll erum við því marki brennd að nálgast Biblíuna með fyrirframgefna hugmyndir, sem við komum með að heiman, úr menningu okkar og trúarlegu samhengi. Með aðstoð nútímaskáldsagna, ljóða og túlkana úr bæði kristnu og gyðinglegu samhengi, víkkar Tiemeyer sjóndeildarhring lesendanna. Hún kallar þessi verk „endursagnir“ og ekkert þeirra gerir tilkall til að miðla guðlegum innblæstri.

Í námi sínu meðal gyðinga segist Tiemeyer hafa orðið þess áskynja að þeir litu textann talsvert öðrum augum en kristnir lesendur. Það hafi líka reynst svo að þeir voru mjög handgengnir biblíutextum sem hún hafði ekki veitt mikla athygli og á hinn bóginn kom það líka fyrir að hún þekkti vissa texta betur en þeir.

Í hinu aðferðafræðilega samhengi ræðir Tiemeyer líka um mikilvægi þess að lesa Gamla testamentið einfaldlega ánægjunnar vegna. Hún leggur áherslu á að við ættum að varast að takmarka Biblíuna við það að vera kennslubók. Frekar skyldum við varðveita hana sem bókmenntir sem við njótum að lesa. Við lærum ekki minna á þann hátt, heldur frekar meira (bls. 32). Þetta finnst ritrýni þörf ábending sem oft vill gleymast í inngangsfræðiritum um Gamla testamentið. Og aldrei dylst það í þessari bók að höfundurinn, Lena-Sofia Tiemeyer, nýtur þess virkilega að lesa þetta forna ritsafn þótt hún búi sannarlega að traustri þekkingu á hinni fræðilegu nálgun.

Eftir að hafa fjallað um allar níu persónurnar þá gengur hún lengra en í hinum köflunum í lokakaflanum, sem ber sama heiti og bókin sjálf. Þar talar hún beinlínis til þeirra, ávarpar hverja og eina þeirra. Og í þessum kafla kemur hin persónulega nálgun hennar allra best í ljós.

Ávarp sitt til Jónatans byrjar hún t.d. þannig: „Jónatan, þú veist að þú ert algjörlega ein af uppáhaldspersónum mínum“ (bls. 315). Dálæti Tiemeyer á Jónatan má líka greina í ritaskrá hennar þar sem sést að hún hefur þegar skrifað heila bók um hann, á þeim nótum sem hér er gert, eins og titillinn ber með sér: *In Search of Jonathan: Jonathan between the Bible and Modern Fiction* (Oxford: Oxford University Press, 2023).

Og þetta hefur Tiemeyer m.a. að segja við Rut:

Þegar ég hitti þig fyrst varstu ekkja nálægt 25 ára að aldri; nógu gömul til að hafa reynt síthvað, bæði gott og vont. Þú ert hjartahlý kona með stóran skammt af guðstrú, ævintýraþrá og líklega einnig kímni. Ég trúi að við hefðum orðið virkilega góðar vinkonur utan Biblíunnar. (bls. 316–317)

Þó að Nói sé fyrsta persóna bókarinnar sem fjallað er um reynist hann nú ekki vera náinn vinur höfundar. Það kemur vel fram er hún talar til hans í lokakaflanum:

Ert þú vinur minn, Núi? Nei, ég held ekki. Þú ert í mesta lagi einn kunningja minna. Við hittumst reglulega og reynum af og til að ræða saman, en í hvert skipti finn ég að við náum við ekki alveg saman. (bls. 321)

Þannig er afstaða höfundar til vinahópsins sannarlega nokkuð mismunandi en ekki er kostur að gera grein fyrir afstöðu hennar til hvers og eins vinanna hér. Þess í stað er heils hugar mælt með bókinni sem væntanleg mun vera í enskri þýðingu.

Ástaða er til að nefna að kápumyndin er mjög vel heppnuð. Hún sýnir konu með bók í hönd og hún kemur ritrýni þannig fyrir sjónir að lesandi bókarinnar, sem er kona, sé enn á náttklæðum og hafi ekki enn greitt hár sitt að morgni dags. Hún er með gleraugu og virðist niðursokkin í Biblíuna sem hún heldur á með vinstri hendi en strýkur hár sitt með þeirri hægri. Áhuginn leynir sér ekki og myndin skapar hugrenningatengsl við hina réttlátu manneskju sem getið er um í fyrsta sálmi Saltarans, manneskju sem hefur yndi af Ritningunni (lögmaðlinu) og hugleiðir orð hennar seint og snemma, eða dag og nótt, eins og segir í sálminum.

Niðurstaðan er sú að þetta er nokkuð óvenjuleg fræðibók en afar áhugaverð, já, hreinlega skemmtileg bók, þar sem höfundur fjallar um valdar persónur úr Gamla testamentinu, persónur sem höfða sérstaklega til hennar. Hún fjallar á mjög persónulegan hátt um frásagnirnar sem þær eru tengdar og notfærir sér fjölþætt efni úr áhrifasögu textanna til að varpa ljósi á þá, skoða þá frá fjölbreytilegum sjónarhornum með aðstoð áhrifasögunnar, svo sem skáldsögum, kveðskap og tónlist. Það eykur tvímælalaust á gildi bókarinnar. Umfram allt lifir Tiemeyer sig svo rækilega inn í frásagnirnar að hún beinlínis ræðir við persónurnar sem þar koma við sögu og það leynir sér aldrei að það er vel menntaður ritskýrandi sem skrifar og notfærir sér bæði kristileg og gyðingleg sjónarhorn, og áhrifasögu biblíutextanna í sögu og samtíð.